

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar¹ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsleg aðstoð, nr. 99/2007 (bifreiðastyrkir), 61. mál

Landssamtökin Proskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks² árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að virða öll ákvæði hans og framfylgja þeim.

Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar segir: „Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður lögfestur.“

Í 4. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina „Almennar skuldbindingar“, segir:

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnáslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,

b) **að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin, ...** (Feitletr. og undirstr. Proskahj.)

5. gr. samningsins hefur yfirskriftina „Jafnrétti og bann við mismunun“. Þar segir:

1. Aðildarríkin viðurkenna að allar manneskjur eru jafnar fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum ávinningi af lögum án nokkurra mismununar.

2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er, fram raunverulegu jafnrétti fyrir fatlað fólk, sem mismunun í skilningi samnings þessa.

...

(Feitletr. og undirstr. Proskahj.)

¹ Landssamtökin Proskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu og skyldar fatlanir og fötluð börn og ungmenni. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undirgengist.

² [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-og-jafnrretti/Mannrettindi/N%20c3%bd%20c3%be%20c3%bd%20c3%b0ing%20c3%a1%20samningi%20S%20c3%9e%20m%20r%20c3%a9ttindi%20fatla%20c3%b0s%20f%20c3%b3lks%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-og-jafnrretti/Mannrettindi/N%20c3%bd%20c3%be%20c3%bd%20c3%b0ing%20c3%a1%20samningi%20S%20c3%9e%20m%20r%20c3%a9ttindi%20fatla%20c3%b0s%20f%20c3%b3lks%20-%20Copy%20(1).pdf)

19. gr. samningsins hefur yfirskriftina „Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.“ Þar segir:

*Aðildarríki samnings þessa viðurkenna **íafnan rétt alls fatlaðs fólks** til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, ... (Feitletr. og undirstr. Þroskahj.)*

20. gr. samningsins hefur yfirskriftina „Ferlimál einstaklinga“. Þar segir:

Aðildarríkin skulu gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði þess í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, meðal annars með því:

a) að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti og á þeim tíma sem það kýs og á viðráðanlegu verði, ...

10. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, hefur yfirskriftina „Bifreiðakostnaður“ og hljóðar svo:

*Heimilt er að greiða til elli- og örorkulífeyrisþega, örorkustyrkþega og umönnunargreiðsluþega uppbót vegna kaupa á bifreið sem bótapega er nauðsyn að hafa **vegna hreyfihömlunar** ef sýnt er að bótapegi geti ekki komist af án uppbótarinnar. Heimilt er að veita uppbót á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.*

Sama gildir um rekstur bifreiðar eigi í hlut elli- eða örorkulífeyrisþegi og örorkustyrkþegar.

*Heimilt er að greiða styrk til að afla bifreiðar sem nauðsynleg er vegna þess að **líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta**. Heimilt er að veita styrk á fimm ára fresti vegna sama einstaklings. Ráðherra setur reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu, m.a. um sex mánaða búsetuskilyrði. (Feitletr. Þroskahj.)*

Augljóst hlýtur að teljast að tilgangur og markmið með þessum mikilvægu styrkjum, sem kveðið er á um 10. gr. laga um félagslega aðstoð, er m.a. og sérstaklega að gera þeim sem uppfylla skilyrði til að geta notið þeirra kleift „að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra“ og tækifæri til „fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar“, eins og það er orðið í 19. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.

Fatlað fólk sem vegna þroskahömlunar og/eða einhverfu getur ekki nýtt sér almenningssamgöngur eða ferðaþjónustu en uppfyllir ekki skilyrði 10. gr. laga um félagslega aðstoð varðandi hreyfihömlun, hamlaða líkamsstarfsemi eða að líkamshluta vanti hefur ekki aðgang að þessum styrkjum samkvæmt núgildandi lögum. Þarfir þess sem og réttindi samkvæmt samningi SP um réttindi fatlaðs fólks eru þó þær sömu, hvað varðar tækifæri til að komast ferða sinna og hafa þar með raunhæfa möguleika til „fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar“ og þeirra sem teljast uppfylla þessi skilyrði, og geta því notið þessara styrkja. Aðstæður þeirra og þarfir eru m.ö.o. sambærilegar og ættu því lagaleg réttindi þeirra að þessu leyti að vera þau sömu.

Landssamtökin Þroskahjálp telja því að í núgildandi ákvæðum 10. gr. laga nr. 99/2007 felist mismunur á grundvelli fötlunar hvað varðar mikilsverðan stuðning og þau tækifæri og réttindi

sem eru augljóslega háð þeim stuðningi. Samtökin telja ljóst að sú mismunun sé ómálefnaleg og óréttlát og gangi gegn samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og skyldum íslenska ríkisins samkvæmt samningnum. Þá telja samtökin vafasamt að þessi mismunun á grundvelli fötlunar standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar, sbr. 76. og 65. gr. hennar.

Þá er ljóst að þetta fyrirkomulag varðandi umrædda styrki er mjög til þess fallið að bitna verst á þeim einstaklingum, sem vegna þroskahömlunar og/eða einhverfu eða skyldra fatlana, geta ekki nýtt sér almenniningssamgöngur eða akstursþjónustu og hafa ekki efni á að eiga og reka bifreið eða eiga ekki aðstandendur sem geta styrkt þá til þess. Þeir einstaklingar þurfa því einnig að þola mismunun um margvísleg tækifæri til þátttöku í samfélaginu á grundvelli efnahags.

Með vísan til þess sem að framan er rakið skora Landssamtökin Þroskahjálp á velferðarnefnd Alþingis og félags- og vinnumarkaðsráðherra að láta, svo skjótt sem verða má, fara fram endurskoðun á ákvæðum 10. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Landssamtökin Þroskahjálp óska eindregið eftir að fá fund með velferðarnefnd til að gera nefndinni betur grein fyrir sjónarmiðum sínum, áherslum og tillögum.

Afrit af umsögninni er sent Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra.

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar.

Reykjavík 28. Mars 2022

Varðar: 61. máli: félagsleg aðstoð athugasemd

Kæra vlförðarnefnd,

Ég skora á ykkur að fela Sjúkratryggingum Íslands að skoða möguleikan á að SÍ eigi þá bíla sem þeir úthluta til þeirra sem þurfa nauðsynlega bíla sem hjálpartæki.

1. Það mundi spara fé í innkaupum. Útboð.
2. Tryggja gæðakröfur SÍ. Og TR
3. Ef ég vildi annan lit, betri hljóðvist, betri hljómtæki og aðra áferð á sæætisáklæðum, þá mundi ég borga þann umframkostnað sjálfur.
4. Mundi spara sértæka einstaklingsbundna innréttingu hjálpartækja. Útboð
5. Afhverju á SÍ rafmagnshjólástóla en ekki hjálpartækið bifreið? Rafmagnshjólástólar kosta meira en bílar í sumum tilvikum.
6. Ég sé um að reka hjólástólinn minn, hleð hann með rafmagni, sama væri með hjálpartækið bíl, ég ræki hann.
7. Færið umsóknarferli um hjálpartækið, bifreið, á eina hendi. Ömurlega flókið að eiga við tvær stofnanir vegna eins hjálpartækis.

Bara hugmynd til að færa okkur úr þessu styrkjakerfi sem gagnast fáum og allra síst þeim fátækustu.

Með kveðju

Guðjón Sigurðsson

Formaður MND á Íslandi.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 29. mars 2022

Umsögn ÖBÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr 99/2007 (bifreiðastyrkir). Þingskjal 61 – 61. mál. [mál]

„Styrkur TR til bílakaupa hefur ekkert hækkað frá árinu 2015; hann er einungis að hámarki 1.440.000 krónur. Það dugir að sjálfsgöðu alls ekki til neinna bílakaupa, en eins og allir vita eru örorkubætur ekki svo háar að öryrkjar hafi úr eigin sjóðum að spila. Sjórnvöld hveija nú landsmenn til kaupa á rafbílum og heyrst jafnvel sagt að bílar knúnir jarðefnaeldsneyti verði bannaðir innan fárra ára. Með óbreyttum styrk, sem aldrei var nægilegur og hefur mjög rýrnað að verðgildi síðustu ár, eru öryrkjar dæmdir til að kaupa sér druslur sem eru stórhættulegar í umferðinni; menga eins og Satan sjálfur og kosta augun úr í viðhaldi.“ Úr erindi örorkulífeyrispega til félagsmálaráðherra 29. nóvember 2021.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) tekur undir með flutningsmönnum að brýn ástæða sé til að endurskoða fyrirkomulag bifreiðastyrkja fyrir hreyfihamlaða.

Þó svo að vissar og nauðsynlegar útbætur hafi verið gerðar á undanförunum árum hefur skort heildarskoðun á lögum og reglugerð hvað varðar heimildir, fjárhæðir og úthlutunarreglur vegna bifreiðastyrkja og uppbóta.

Heimildir

Heimildir hafa verið rýmkaðar nokkuð frá gildistöku laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007, svo sem fyrir fólk í sjálfstæðri búsetu eða með aðstoðarmann, framfærendur hreyfihamlaðra barna og endurhæfingarlífeyrispega, en þó sitja margir enn utan garðs.

Enn vantar til að mynda að hreyfihamlað fólk í sjálfstæðri búsetu sem ekki getur keyrt sjálft og hefur ekki aðstoðarmann, t.d. NPA, en reiðir sig á ættingja og vini sem hafa annað lögheimili

til að geta komist um hafi heimild til úthlutunar styrkja og uppbóta vegna kaups og reksturs bifreiðar.

Þingmenn Framsóknarflokks lögðu þrívægis fram frumvarp þess efnis, á löggjafabingum 139. (335. mál), 140. (50. mál) og 141. (36. mál), en það náði aldrei fram að ganga. Ekki er um marga einstaklinga að ræða í þessari stöðu og það er ekki ásættanlegt að fólk sitji eftir vegna þess að það nýtur ekki aðstoðar heimilisfólks eða persónulegra aðstoðarmanna. **Lagt er til** að úr vanda þeirra sé greitt með breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum.

Fjárhæðir

Fjárhæðir eru í dag bundnar við reglugerð um uppbætur og styrki til hreyfihamlaðara einstaklinga vegna bifreiða, nr. 905/2021. Í frumvarpinu er lagt til að þau réttindi séu bundin í lög, „enda hefur reynslan sýnt fram á að ráðherrar geta með litlum fyrirvara skert réttindi með því að breyta reglugerðum“ eins og segir í 2. mgr. greinargerðar.

Það er rétt að vekja athygli á því að fjárhæðir hafa hækkað afskaplega stopult og án nokkurar reglu frá árinu 2009.

Í reglugerð um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, nr. 170/2009 voru uppbætur vegna kaupa á bifreiðum 300.000 kr. en 600.000 kr. fyrir fyrstu kaupendur. Bifreiðakaupastyrkur var 1.200.000 kr. en 5.000.000 kr. fyrir sérútbúnað og dýrar bifreiðar.

Fjárhæðir hækkuðu fyrst árið 2015 með reglugerð nr. 997/2015 þrátt fyrir að verðlag hafði hækkað umtalsvert á 6 ára tímabili. Aftur voru fjárhæðir hækkaðar árið 2021, en í þetta sinn aðeins á sérútbúnum og dýrum bifreiðum, með reglugerð nr. 905/2021.

Það er engan veginn ásættanlegt að fjárhæðir í reglugerð hækki af hendingu á sex ára fresti að jafnaði.

Frá árinu 2009 „hefur orðið 52,5% hækkun á verðlagi. Bíll sem kostaði 6.000.000 kr. í febrúar 2009 kostar í dag 9.150.000 kr. Miðað við verðlagsþróun ættu hærri bifreiðakaupastyrkirnir að vera um 1.830.000 kr. og 7.620.000 kr. en eru 1.440.000 kr. og 6.000.000 kr. Erfitt er fyrir fatlað fólk að kaupa sér bíl þar sem það ræður ekki við kaupin sem sést á því að árið 2020 var heimild á fjárlögum ekki fullnýtt.“ (Úr umsögn ÖBÍ um fjárlagafrumvarp 2022.) **Lagt er til** að fjárhæðir í reglugerð verði þegar hækkaðar samkvæmt fjárhæðum í frumvarpinu.

Gera þarf breytingu á lögum sem tryggja það að styrkir og uppbætur hækki reglulega til að halda í við verðlagsþróun. **Lagt er til** að í stað þess að binda fjárhæðir í lög verði það gert sjálfvirkt og reglulega með eftirfarandi hætti: „Fjárhæðir í reglugerð skulu breytast tvisvar sinnum á ári eða þann 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Skal helmingur taka breytingum miðað við

launavísitölu og helmingur miða við breytingu á vísitölu neysluverðs. Fjárhæðir í gjaldskrá taka mið af verðlagi í maí 2022.“

Úthlutunarreglur vegna bifreiðastyrkja og uppbóta

ÖBÍ vekur athygli velferðarnefndar Alþingis á því að fatlað fólk þarf að gangast undir mjög íþyngjandi og óraunhæfar kröfur til að uppfylla skilmála Tryggingastofnunar ríkisins (TR) um úthlutun styrkja og uppbóta, sjá fylgiskjal 1. Það er mjög mikilvægt að fatlað fólk sé ekki látið festast á kerfislægum hindrunum til að nálgast eðlileg réttindi sín.

Þá er vakin athygli velferðarnefndar á erindi málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál til TR frá 15. júní 2017 þar sem mælt er til þess að úthlutun styrkja verði einfölduð með þeim hætti að „umsækjendum verði gert kleift að gera kaupsamning við söluaðila um bifreiðakaup með fyrirvara um greiðslu frá TR. Þannig gæti viðkomandi sótt um lán eða fyrirgreiðslu hjá lánastofnun fyrir sínum hluta en ekki fullri fjárhæð bifreiðarinnar. Það myndi minnka óþægindi fólks og auðvelda því að nýta rétt sinn. TR greiði svo styrkinn milliliðalaust til söluaðila, frekar en inn á reikning umsækjanda eftir að kaup hafa farið fram, sem gengi frá kaupsamningi og eigendaskráningu. Það væri því í hag söluaðila að gera það strax.“ - Fylgiskjal 2.

Af gefnu tilefni er ítrekað að stjórnvöldum er skylt að hafa virkt samráð við heildarsamtök fatlaðs fólks um ákvarðanir sem varða hagsmuni þess, samkvæmt ákvæðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF), enda segir í 3. mgr. 4. gr., „aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samningi þessum til framkvæmda og vinna að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náð samráð og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötluð börn, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd“.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ



Stefán Vilbergsson
verkefnastjóri

Fylgiskjal 1 - RE Bifreiðastyrkir og uppbætur - mat frá sjúkráþjálfara
Fylgiskjal 2 - 2017.06.15 Erindi til TR um greiðslu bifreiðastyrkja

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
105 Reykjavík

Afrit sent til velferðarráðuneytisins

Reykjavík 15. júní 2017

Tryggingastofnun ríkisins (TR) veitir hreyfihömluðu og blindu fólki styrki til bifreiðakaupa og uppbætur til reksturs eða kaupa bifreiðar.

Hámarksfjárhæð styrkja til bifreiðarkaupna er nú 1.440.000 kr. eða 5.000.000 kr. ef um sérútbúna bifreið er að ræða.

Til að fá styrkinn greiddan verður viðkomandi þegar að hafa fest kaup á bifreiðinni, skv. reglugerð um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða nr. 170/2009. Í svari lögfræðings TR dags. 11.5.2017 við fyrirspurn um afgreiðslu bifreiðastyrkja segir:

Tryggingastofnun gerir kröfu um það að skilað sé inn sérstakri yfirlýsingu um kaupin sem stofnunin sendir umsækjanda með samþykktarbréfinu. Með þeirri yfirlýsingu þarf að fylgja kaupsamningu/afsal vegna bifreiðarinnar. Einnig þarf umsækjandi eða maki hans að vera skráður eigandi bifreiðarinnar. Þegar þetta liggur fyrir er uppbótin/styrkur greidd út.

Þessi framkvæmd byggir m.a. á ákvæðum 6. mgr. 3. gr., 4. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.


Umrædd framkvæmd bakar styrkþegum óþarfa óþægindi og erfiðleika. Um er að ræða afar háar fjárhæðir og lánstraust lífeyrisþega í bönkum er að jafnaði lítið.

Ráðstöfunartekjur örorkulífeyrisþega eru nú innan við 230.000 kr. á mánuði og geta verið talsvert lægri, t.a.m. ef viðkomandi er í sambúð.

Málefnaþingur ÖBÍ um heilbrigðismál leggur því til að framkvæmd styrktrargreiðslna vegna kaupna á bifreiðum verði breytt þannig að styrkþegar þurfi ekki að leggja fram kaupsamning/afsal og eigendaskráningu.

Ekki er fullvíst að breyta þurfi ákvæðum reglugerðarinnar, heldur ætti að nægja fyrir stofnunina að breyta verklagsreglum við afgreiðslu styrkja til bifreiðakaupa.

Lagt er til að sú breyting verði gerð að umsækjendum verði gert kleift að gera kaupsamning við söluaðila um bifreiðakaup með fyrirvara um greiðslu frá TR. Þannig gæti viðkomandi sótt um lán eða fyrirgreiðslu hjá lánastofnun fyrir sínum hluta en ekki fullri fjárhæð bifreiðarinnar. Það myndi minnka óþægindi fólks og auðvelda því að nýta rétt sinn.



TR greiði svo styrkinn milliliðalaust til söluaðila, frekar en inn á reikning umsækjanda eftir að kaup hafa farið fram, sem gengi frá kaupsamningi og eigendaskráningu. Það væri því í hag söluaðila að gera það strax.

Fyrir hönd málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál



Emil Thoroddsen
formaður